

23. fundur Skólaráðs haldinn 7.febr. 2018 kl.14:00

Mætt eru Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri, Hulda Karlsdóttir fyrir hönd foreldra, Ingibjörg Þóra Heiðarsdóttir og Samúel Örn Erlingsson fyrir hönd kennara, Lovísa Sigurðardóttir sat fundinn fyrir hönd annars starfsfólks sem varamaður Dýrfinnu Sigvarðardóttur. Hekla Steinarsdóttir Margrét Klara Þórisdóttir fulltrúar nemenda. Agnes Ólög Thorarensen fyrir hönd grenndarsamfélagsins. Rósa Hlín Óskarsdóttir er veik.

Sigurgeir bauð fundarfólk velkomið og harmaði að ekki hefur verið fundað síðan í nóvember. Á þessum fundi verður ákveðin dagsetning og tímasetning næsta fundar og fundað mánaðarlega til vors.

1. Farið yfir drög að skólareglum, sem verða kynntar á næsta kennarafundi og í framhaldi nemendum. Hekla benti á mikilvægi þess að skólastjóri væri á kynningum skólaregla inn í 8.-10.b.
2. Hekla og Margrét fóru yfir málefni nemenda, félagslíf og annað. Hluti nemenda í 10.bekk óánægðir með að fá ekki að vera inni í skólastofu á morgnana og inni í frímínútum. Margrét Klara í 9.bekk sagði að nemendum þætti vanta borð og stóla þar sem hægt er að læra í frímínútum. Þetta kemur til vegna ákvörðunar á starfsmannafundi 6.febrúar að nemendur í 8.-10.bekk fái ekki að vera inni í sínum bekkjarstofum á morgnana og í frímínútum. Nemendum finnst vanta örbylgjuofn og hitakönnu sem nemendur geta nýtt í nesti, vandamál með hvar þetta ætti að vera staðsett í skólanum. Margrét og Hekla hafa ekki heyrt neitt annað frá nemendum en að allir hafi verið ánægðir með sameiginlegu Listahátíð skólanna í Rangárvallarsýslu. Lovísa spurði hvort nemendur væru ánægðir með mætingu nemenda á skemmtanir innan skólans. Nemendum finnst ekki vera góð mæting úr 9.og 10.bekk á þessar skemmtanir. Hugmynd að breyta áherslum þannig að einu sinni í mánuði yrði skemmtun innan skólans í stað tvisvar sinnum eins og er núna. Spurning hvort tengja má saman nemendaráðið og stjórnendur Félagsmiðstöðvarinnar Hellisins varðandi skipulag og hugmyndir.
3. Kynning á áframhaldandi þátttöku nemenda varðandi umfjöllun á niðurstöðum skólapúlsins og þátttöku skólaráðs í því. Ákveðið að nemendur klári þá vinnu sem kynnt var fyrir skólaráði á síðasta fundi og hugmynd var að skólaráð kláraði. Inn í hvern bekk eru sendar spurningar er varða niðurstöður skólapúlsins og umsjónarkennarar stýra lýðræðislegum umræðum um hvað nemendur sjá að hægt sé að gera til að bæta/laga eitthvað. Hver bekkur (þ.e. 6.-10. bekkur) skili til innra mats lausnarmiðuðum hugmyndum sem allir sjá fyrir sér að hægt sé að vinna eftir. Þessar hugmyndir síðan lagðar fyrir skólaráð sem getur þá bætt við eða komið með aðrar ábendingar um lausnir.
4. Næsti fundur Skólaráðs mánudaginn 5.mars kl. 15:00

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 15:35.

Særún Sæmundsdóttir ritaði fundargerð.